

Sp.

197. Tillaga til þingsályktunar

[133. mál]

um stuðning við æðarrækt.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Gísli Guðmundsson,
Gunnar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt bezt verði unnið að stuðningi við ræktun og verndun æðarfugls.

Greinargerð.

Æðarfugl hefur löngum verið talinn mesti nytjafugl á Íslandi. Dúntekja hefur verið og er meðal dýrmætustu kosta hlunnindajarða að fornu og nýju. Dúnninn hefur jafnan verið eftirsótt vara og oft í mjög háu verði. Á hinn bóginn krefjast varplönd nákvæmrar umhirðu og mikillar vinnu. Dúnhreinsun var og erfitt verk og seinunnið, en á síðari árum hafa hugvitsmenn fundið upp vélar, sem gjörbreytt hafa allri aðstöðu í þeim efnunum. Æðarfuglinn er gæfur og spakur og verður því oft að sæta ágangi og árásum ránfugla og vargdýra. Slík árásarhætta eykst, þar sem byggð dregst saman eða leggst í eyði og vargfugli fjölgar.

Að sjálfsögðu hefur æðarfugl lengi verið alfriðaður með löggjöf, sbr. sérstaklega lög nr. 58 frá 1913, sem marka stærsta sporið í þessa átt, en áður giltu lög frá 1890 og tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849. Einn helzti hvatamaður að setningu laganna frá 1913 var sr. Sigurður Stefánsson í Vigur, þingmaður Ísfirðinga.

Í athugasemdum, er fylgdu því frumvarpi, sagði m. a.:

„Hér er um einn hinn arðmesta og jafnframt skemmtilegasta atvinnuveg landsins að ræða, sem, ef vel er á haldið, getur átt mikinn þátt í efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þess vegna er það líka sjálfsögðu skylda löggjafarvaldsins að hlynna að honum á allan hátt.

Það er enginn efi á því, að koma má upp æðarvörpum á miklu fleiri stöðum á landinu en nú er reynt, en aðalskilyrði fyrir því er ströng friðun fugls og eggja.“

Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 frá 1966. Í 9. grein þeirra laga eru ýmis sérákvæði sett æðarfugli til verndar, svo sem það, að frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til, ákvæði þess efnis, að lögreglustjórar skuli ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum og loks ákvæði, sem fjallar um nauðsynlegar aðgerðir ábúanda, sem koma vill á fót æðarvarpi í landareign ábýlisjarðar sinnar og fá það friðlýst. — Þá eru og í gildi lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), þar sem lagt er fé til höfuðs þessum skæðasta óvini æðarstofnsins í landinu. — Þrátt fyrir þessa lögvernd hefur æðarstofninum hnignað svo mjög á undanförunum árum, að eftirtekja hans er nú talin nema aðeins tæpum helmingi þess, sem hún hefur mest orðið, eða innan við 2000 kg árlega, en talið er auðvelt að koma henni yfir 4000 kg eða a. m. k. andvirði 20 milljóna króna á ári.

Á síðustu árum hefur vaknað áhugi manna til eflingar þessari nýtsömu og þjóðlegu búgrein. Hefur nýlega verið haldinn stofnfundur félags um ræktun og verndun æðarfugls, svo sem greint hefur verið frá í blöðum. Þetta nýja félag hefur hlotið nafnið Æðarræktarfélag Íslands. Félagsmenn eru eigendur æðarbyggða og aðrir áhugamenn um þessi mál, og sýna samþykktir um fyrstu hlutverk félagsins, að myndarlega er af stað farið.

Tillaga þessi er flutt til að vekja athygli á þessum þarfa félagsskap og leita ráða, er verða mættu þessu málefni til eflingar og styrktar í framtíðinni.